



# Minning um athafnir og augnablik

● Yfirlitssýningin *opus – ous*, með verkum Guðnýjar Rósu Ingimarsdóttur, opnuð á Kjarvalsstöðum í dag ● Verkin eru aldrei óhult í höndum myndlistarkonunnar ● Leiðsögn um sýninguna á morgun

Ragnheiður Birgisdóttir  
ragnheidurb@mbl.is

Myndlistarkonan Guðný Rósa Ingimarsdóttir lýsir vinnu sinni með orðum á borð við „athöfn“, „endurtekningu“ og „uppgötvun“ þegar hún leiðir blaðamann um sýningu sína *opus – ous* sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í dag, laugardag, kl. 14 og stendur fram í janúar á næsta ári.

Sýningin *opus – ous* er yfirlitssýning á verkum Guðnýjar undanfarinn aldarfjórðung. Hún er sú fimmta í röð sýninga í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum þar sem tekinn er til skoðunar ferill listamanns sem þegar hefur markað áhugaverð spor og má ætla að sé á listferli sínum miðjum. Um sýningarstjórn sér Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Sýningin er ekki sett upp í tíma-röð heldur er hugsunin sú að gestir hægi ferðina og upplifi verkin sem eina heild. Þá eru smáatriðin ekki síður mikilvæg til þess að átta sig á heildarmyndinni. Það fyrsta sem mætir manni er röð pappírsverka, það elsta frá 1995 en önnur nýleg. Þau spanna þannig hinn tuttugu og fimm ára langa feril listakonunnar.

Guðný, sem er fædd 1969, stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk framhaldsnámi í L'Ensav La Cambre í Brussel og í HISK í Antwerpen í Belgíu. Hún hefur sýnt verk sín á einkasýningum hér á Íslandi og víðs vegar um Evrópu. Verk hennar má finna í opinberum söfnum í Frakklandi, Belgíu, Slóveníu og Íslandi.

## Samtal Guðnýjar og pappírins

Guðný hefur í gegnum tíðina unnið með ýmsa miðla, til dæmis má finna bæði myndbandsverk og hljóðverk á sýningunni auk ljósmynda og prjónaverka, en pappírinn hefur þó verið í aðalhlutverki á hennar ferli. „Stundum finnst mér þetta einfaldlega vera eins og sam-



Morgunblaðið/Eggert

**Töfrar** „Titillinn vitnar í hvern einasta bita sem þú grípur og finnur, í allt sem lætur þig staldra við. Ég tengi þetta því við undrun og ákveðna töfra,“ segir myndlistarkonan Guðný Rósa Ingimarsdóttir um *opus – ous*.

tal á milli mín og pappírins,“ segir myndlistarkonan.

Hún leggur áherslu á að ferlið, athöfnin sem á sér stað við vinnslu verkanna, skipti mestu máli. Þar verði til ákveðinn taktur sem hún verði að fylgja og þannig skapist verkin. „Það sem skiptir öllu máli er athöfnin, það að vera að, ákveðinn taktur og endurtekning. Eflaust ákveðið form hugleiðslu. Bestu dagararnir eru þeir sem eru, þegar maður jafnvel gleymir að borða og allt í einu er dagurinn farinn.“

Guðný býr og starfar í Belgíu. Hún segir að á vinnustofu sinni í Brussel séu um tíu borð og hún vinni á þeim öllum. „Teikningarnar og ég ferðumst um á vinnustofunni.“

Listamaðurinn er ófeiminn við að vinna áfram með verk sín eftir að þau eru í raun tilbúin og hluta þau þá jafnvel í sundur. „Ef verkin eru í

mínun höndum þá eru þau ávallt í hættu.“ Guðný geymir allt. Hver einasta úrklippa og pappírshútur er varðveittur og fær ef til vill nýtt hlutverk í öðru samhengi, í öðru verki. „Þetta er sífelld endurvinnsla.“

## Formin endurtaka sig

Verk frá ólíkum tímum kallast á, því form frá eldri verkum dúkka upp í þeim nýju. „Það sem er til dæmis svo skemmtilegt við að setja upp svona sýningu er að finna aftur formin sem endurtaka sig og koma upp á yfirborðið,“ segir Guðný og bendir á brot úr gömlum ljósmyndum og gömlum skissum sem stinga upp kollinum í nýjum verkum.

Guðný hefur á ferli sínum leitað í umhverfi sitt og reynsluheim til innblásturs. Verk hennar eru sögð ein-

kennast af nákvæmni og eru gjarnan skorin út, teiknuð með finlegum blýanti, saumuð með tvinna og ólík efni jafnvel skeytt saman. Verkin sem til verða eru nokkuð látlaus en verða áhugaverðari eftir því sem maður rýnir betur í þau. „Þau hafa ávallt verið eins og í þoku. Öðru hvoru eru þau skýrari en öskra aldræi á athygli. Þú missir eiginlega af þeim ef þú nálgast þau ekki.“

Guðný vinnur ekki beint með einhver ákveðin viðfangsefni en þó má sjá vissa þræði í verkum hennar. Hún segir að þar megi til dæmis oft finna eitthvað sem minnir á líffræði, meðal annars eru sexhyrnd form sem minna á býflugnabú í ýmsum verkum, og að reglulega komi upp talnarunur. „Ætli þetta sé ekki einhver þráhyggja,“ segir hún og hlær. „Mörg verkanna hafa með samveru að gera. Þótt ég sé ein á vinnustof-

unni þá eru upphafspunktarnir oft annarra, eða felast í samverustundum með öðrum.“

Titillinn *opus – ous* fangar vel þá nálgun sem Guðný hefur á listina. Hvernig stöfunum er víxlað í orðunum tveimur minnir á hvernig Guðný sker hluta úr verki út og kemur honum fyrir í nýju samhengi. Hún segir þó að titillinn hafi ekki síður með uppgötvun, eða ákveðna hrifningu, að gera enda er „ous“ einfaldlega franska útgáfan af hinu íslenska „úps“.

„Ég hef jafnvel tekið eftir því að þegar ég hef verið að vinna undanfarið þá segi ég þetta oft stundarátt. Ég tengi titillinn við þessa andakt þegar maður finnur eitthvað eða hrífst af einhverju. Við eitthvert hik. Titillinn vitnar í hvern einasta bita sem þú grípur og finnur, í allt sem lætur þig staldra við. Ég tengi þetta því við undrun og ákveðna töfra.“

## Falleg tilfinning

Guðný hefur reglulega sýnt verk sín hér á landi en aldrei haldið sýningu af þessari stærð. Þegar hún er spurð hvernig tilfinning það sé að sjá öll þessi verk saman komin á stórrí yfirlitssýningu segir hún: „Þetta er ofsalega þakklát og falleg tilfinning. Það er yndislegt að fá svona tækifæri.“

Hún segir verkin sín öll tengd. „Eflaust er það bara sjálfið sem er tengingin en það er einstakt að sjá þau saman. Svona verkefni gefur þér vissulega tækifæri til þess að draga fram eldri verk og það er sérskakt að komast aftur í alla þessa upphafspunkta. Það er því einstakt tilhlökkunarefni að komast aftur á vinnustofuna. Maður veit ekkert hvað á eftir að gerast og bíður átekt.“

Guðný verður með leiðsögn um sýningu sína *opus – ous* í Vestursal Kjarvalsstaða á morgun, sunnudaginn 3. október, kl. 14. Ólöf Kristín Sigurðardóttir sýningarstjóri og Eva Wittcox listfræðingur munu einnig taka þátt í leiðsögninni sem fer fram á ensku.